

*umhverfis-  
stjórnunarkerfi*



*ársskýrsla*  
**2016**

## **RITSTJÓRI**

Ástríður E. Jónsdóttir

## **RITHÓPUR**

Hólmfríður Þorsteinsdóttir

Jóhanna Björk Weisshappel

Steinar Rafn Beck Baldursson

Svanhildur Sigurðardóttir

# EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	5
Umhverfisstefna og markmið.....	6
Umhverfisstefna.....	6
Markmið Umhverfisstofnunar í umhverfismálum.....	6
Stofnunin og umfang kerfisins.....	7
Grænt bókhald.....	10
Niðurstöður græns bókhalds 2016.....	10
Orku- og auðlindanotkun .....	11
Aðföng – keypt vara og þjónusta.....	14
Samgöngur .....	19
Úrgangur og flokkun.....	24
Samantekt.....	26
Áætlun fyrir 2017 .....	27



# STAÐFESTING ENDURSKOÐANDA

EFLA verkfræðistofa hefur endurskoðað grænt bókhald og umhverfisskýrslu Umhverfisstofnunar fyrir árið 2016 og staðfestir hér með að:

- » Umhverfisstofnun vaktar þýðingarmikla umhverfisþætti í rekstri sínum og gefur umhverfisskýrslan yfirlit um þann árangur sem náðst hefur á árinu.
- » Umhverfisskýrslan inniheldur þær upplýsingar sem hún á að innihalda samkvæmt 6., 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald.
- » Birtar upplýsingar eru í samræmi við gögn úr fjárhagsbókhaldi Umhverfisstofnunar.

Reykjavík 3 maí 2017

Friðrik Klingbeil Gunnarsson  
Dipl. Ing. Umhverfisverkfræðingur

Hlöðver Stefán Þorgeirsson  
B.S í umhverfis- og byggingarverkfræði

# INNGANGUR

Umhverfisstofnun hefur sett sér umhverfisstefnu og vill vera leiðandi í umhverfisstjórnun. Stofnunin leggur áherslu á að lágmarka notkun auðlinda og minnka úrgang vegna starfsemi sinnar. Stofnunin hefur tekið saman grænt bókhald og gefið út um það skýrslur árlega frá árinu 2009. Áherslur ársins 2016 voru að draga úr orkunotkun, rafmagns- og heitavatnsnotkun um 10%, minnka pappírnotkun niður í 6 kg á stöðugildi, hækka hlutfall visthæfra bílaleigubíla og áfram verði lögð áhersla á fræðslu til starfsmanna líkt og undanfarin ár.

Árið 2016 var sem fyrr, lögð mikil áhersla á fræðslu til starfsmanna. Umhverfisráð bauð upp á fræðslu annan hvern starfsmannafund. Þar má meðal annars nefna kynningarnar „Vistakstur“, „Örplast í hafi“, „Sólvarnir og UV index“ og „Parísarsamningurinn og næstu skref í loflagsmálum“. Þá var starfsfólk stofnunarinnar einnig með fræðslu sem snýr að umhverfismálum er þeir vinna sjálfir að.

Árið 2016 jókst heildarnotkun á heitu vatni um 3,6%, þrátt fyrir aðgerðir. En þegar betur er gáð þá eykst notkunin þar sem aðgengi starfsmanna er að sturtu og einnig á snjóbræðslu sem ekki er stýrt af Umhverfisstofnun, en minnkar á öðrum hæðum. Rafmagnsnotkun dróst saman um 8,36% á hvert stöðugildi á milli ára. Stofnunin náði ekki eins góðum árangri í flokkun úrgangs og áður þar sem óflokkaður úrgangur á hvert stöðugildi jókst um rúmlega 125% eða úr 6,4 í 12,8 kg.

Aftur á móti tókst vel til að draga úr notkun pappírs niður í 6,92 kg/stöðugildi úr 9,85 kg/stöðugildi. Heildarnotkun ræstiefna dróst einnig saman um sem samsvarar tæplega 50% á milli ára. Skerpa má á innkaupum prentverka og þegar bílar eru teknir á leigu.

Í skýrslunni er grænt bókhald fyrir starfsemi Umhverfisstofnunar 2016 tekið saman og niðurstöður bornar saman við niðurstöður bókhaldsins frá árinu áður. Skýrslunni er skipt upp eftir umhverfisþáttum og að lokum er fjallað um hvernig Umhverfisstofnun hyggst bregðast við niðurstöðunum á árinu 2017.

# UMHVERFISSTEFNA OG MARKMIÐ

## UMHVERFISSTEFNA

Stefna Umhverfisstofnunar er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum.

Markmiðið er halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Stofnunin mun leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag með ákvarðanatöku sinni og þjónustu.

Umhverfisstofnun mun tryggja að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hennar sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar. Sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi í allri starfsemi stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun mun vinna samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og ISO 14001.

## MARKMIÐ UMHVERFISSTOFNUNAR Í UMHVERFISMÁLUM

- » Umhverfisstofnun fylgi Grænum skrefum í ríkisrekstri.
- » Innkaup stofnunarinnar verði byggð á stefnu ríkisins um vistvæn innkaup. Umhverfismerktar vörur og þjónusta verða valin umfram aðrar.
- » Neikvæð umhverfisáhrif vegna notkunar á samgöngutækjum á vegum Umhverfisstofnunar verði lágmarkuð. Notkun á hráefnum, orku og vatni sömuleiðis. Árlega verður birt endurskoðað grænt bókhald á vef stofnunarinnar.
- » Endurnýtanlegur úrgangur verði flokkaður og skilað til endurnýtingar.
- » Spilliefnum verði skilað til viðurkenndra móttökuaðila.
- » Fræðsla til starfsfólks um umhverfismál og innra umhverfisstarf verði aukin. Starfsfólk verði hvatt til þess að tileinka sér vistvænan lífsstíl.

# STOFNUNIN OG UMFANG KERFISINS

Umhverfisstofnun tók til starfa 1. janúar 2003 þegar þrjár stofnanir voru sameinaðar; Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og Veiðistjóraembættið ásamt þremur ráðum. Stofnunin er með níu starfsstöðvar á landinu og nær umhverfisstjórnunarkerfið nú til þeirra allra. Vottun umhverfisstjórnunarkerfisins nær þó eingöngu til starfsstöðva Reykjavíkur og Akureyrar þar sem hvorki er talið svara kostnaði né umhverfisvænt að hafa þá yfirbyggingu sem vottun ber með sér fyrir starfsstöðvar sem eingöngu hafa einn starfsmann.

Aðalskrifstofur Umhverfisstofnunar eru á Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík, skrifstofunnar á Borgum við Norðurlóð á Akureyri, skrifstofunnar á Tjarnarbraut 39 á Egilsstöðum, skrifstofunnar í Aðalstræti 7 á Ísafirði, skrifstofunnar á Hraunvegi 8 á Mývatni, skrifstofunnar í Aðalstræti 63 á Patreksfirði, skrifstofunnar í verslunar og skrifstofuhúsinu Miðjunni við Suðurlandsveg á Hellu, skrifstofunnar við Klettsbúð 7 á Hellissandi (og einnig Gestastofu á Hellnum) og skrifstofan Strandvegi 50 Vestmannaeyjum (og einnig Surtseyjarstofu). Allar eru þær hluti af umhverfisstjórnunarkerfinu.

Árið 2016 voru hjá Umhverfisstofnun alls 72 starfsmenn að störfum í 70,9 stöðugildi. Í Reykjavík voru 54,9 stöðugildi, 7 stöðugildi á Akureyri, tvö á Snæfellsnesi, tvö á Egilsstöðum, tvö á Hellu, en á Ísafirði, Mývatni, og í Vestmannaeyjum er eitt stöðugildi á hverjum stað. Á Patreksfirði var tímabundið enginn starfsmaður á árinu.

Í stjórn Umhverfisstofnunar eru forstjóri og sviðsstjórar stofnunarinnar.

# LÝSING Á STARFSTÖÐVUM OG STARFSEMI

Meginhlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

**REYKJAVÍK** Starfsstöð stofnunarinnar í Reykjavík er staðsett við eina af stærri umferðargötum borgarinnar í hverfi fyrir atvinnuhúsnæði. Byggingunni er deilt með öðrum fyrirtækjum en þar sem stofnunin nær yfir stóran hluta byggingarinnar er orkunotkun og sorp reikningsfært sér. Starfsemi Umhverfisstofnunar fer að mestu fram í Reykjavík. Þar eru starfandi svið sjálfbærni, svið þjónustu, svið samþættingar og hluti af sviði náttúru. Í Reykjavík starfa 56 starfsmenn.

**AKUREYRI** Skrifstofa Umhverfisstofnunar á Akureyri er í stórri skrifstofubyggingu, Borgum, sem stendur á opnu svæði en Umhverfisstofnun nýtir eingöngu lítið rými í allri byggingunni. Sökum þessa er erfiðara að stýra umhverfisþáttum s.s. orkunotkun og sorpi þar en í Reykjavík en í byggingunni er allt sorp flokkað.

Meginverkefni starfsstöðvarinnar á Akureyri er veiðistjórnun, dýravernd og almenn lífríkismál. Starfsemi skrifstofunnar teygir anga sína einnig inn á svið þjónustu en sjö starfsmenn eru á skrifstofunni á Akureyri.

**SNÆFELLSNES** Starfsstöð þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er á tveimur stöðum. Skrifstofa þjóðgarðsins er á Hellissandi á neðri hæð húss sem fyrrum var pósthús. Á sömu hæð er símsstöð en á efri hæðinni er íbúð sem hótél staðarins á. Gestastofa þjóðgarðsins er í fyrrum fjárhúsi á Hellnum sem gert var upp fyrir nokkrum árum. Í húsinu er einnig rekið kaffihús. Starfsmaður Umhverfisstofnunar er með vinnuaðstöðu á skrifstofu Snæfellsbæjar. Í því húsi en einnig Félags- og skólaþjónusta bæjarins. Úrgangur starfsstöðvanna er flokkaður samkvæmt kerfi sveitarfélagsins.

Tveir starfsmenn Umhverfisstofnunar í Snæfellsbæ hafa umsjón með þjóðgarðinum Snæfellsjökli ásamt friðlöndunum Búðahrauni og ströndinni við Arnarstapa og Hellna. Þeir annast einnig rekstur gestastofu þjóðgarðsins sem er á Hellnum.

**EGILSSTAÐIR** Starfsstöð Umhverfisstofnunar á Egilsstöðum er staðsett í Vonarlandi. Húsin sem mynda Vonarland standa á grónum og skógi vöxnum ási yst í þéttbýlinu á Egilsstöðum, spölkorn frá annarri byggð. Umhverfisstofnun deilir skrifstofuhúsnæði með Náttúrustofu Austurlands, Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Matvælastofnun. Í tengdum byggingum eru skrifstofur annarra opinberra aðila. Starfsstöðin á Egilsstöðum hefur umsjón með hreindýraveiðum að meginhlutverki. Önnur verkefni tengjast náttúruvernd, friðlýsingum og fleiru. Tveir starfsmenn eru á Egilsstöðum.



**HELLA** Skrifstofa Umhverfisstofnunar á Helli er í skrifstofu- og verslunarhúsnæðinu Miðjunni við Suðurlandsveg. Umhverfisstofnun hefur aðsetur á lítilli skrifstofu á 2. hæð hússins, en þar eru að auki skrifstofa sveitarfélagsins Rangárbings ytra og ýmis þjónusta. Kaffistofa er samnýtt með nokkrum þeirra. Líkt og á fleiri starfsstöðvum Umhverfisstofnunar á landsbyggðinni er erfiðara að stýra umhverfisþáttum, s.s. orkunotkun og sorpi, þar en í Reykjavík. Allur grófur úrgangur sem til fellur við landvörslu á svæðinu er flokkaður og fluttur í viðeigandi gáma.

Meginverkefni starfsstöðvarinnar á Helli eru náttúruvernd og friðslýsingar, auk leyfisveitinga og umsagna. Starfsvettvangur svæðalandvarðar á Suðurlandi, sem er annar starfsmanna stofnunarinnar á Helli, nær yfir stóran hluta Suðurlands, allt austur að Skeiðarársandi. Auk þessara verkefna hefur starfsmaðurinn umsjón með landvarðanámskeiði stofnunarinnar. Tveir starfsmenn eru á Helli.

**ÍSAFJÖRÐUR** Á Ísafirði er skrifstofan í húsnæði við aðalgötu bæjarins. Engin önnur starfsemi er í húsinu en íbúð er á efri hæð hússins. Starfsstöðinni fylgir 20 fermetra landvarðahús í friðlandinu og er það kynnt með gasi en rafmagn er framleitt með sólarcellum. Starfsemi í því húsi fer eingöngu fram á sumrin. Allur úrgangur sem til fellur í landvarðahúsinu er fluttur til förgunar á Ísafirði og úrgangur frá starfsemi stofnunarinnar er flokkaður samkvæmt kerfi sveitarfélagsins.

Meginverkefnistarfsstöðvarinnar á Ísafirði er umsjón með Hornstrandafriðlandinu. Einn starfsmaður er á Ísafirði.

**MÝVATNSSVEIT** Einn starfsmaður er í Mývatnssveit og deilir hann húsnæði með Vatnajökulspjóðgarði og Mývatnsstofu ehf. Gestastofan er staðsett í gamla Kaupfélaginu við hlið verslunarinnar í sveitinni við Þjóðveg 1. Sveitarfélagið býður ekki upp á sorpflokkun en starfsmenn fyrirtækjanna í húsinu hafa tekið sig saman og flokka rafhlöður, plast og pappa sem einhver tekur með sér þegar farið er til Akureyrar eða Húsavíkur.

Í Mývatnssveit snýst starfsemi stofnunarinnar að stærstu leyti um eftirlit og rekstur verndarsvæðis Mývatns og Laxár og rekstur Mývatnsstofu. Einn starfsmaður er á Mývatni.

**PATREKSFJÖRÐUR** Á Patreksfirði er starfsemin í hefðbundnu skrifstofuhúsnæði og stendur byggingin miðsvæðis við aðalgötu Patreksfjarðar á opnu svæði með útsýni yfir fjörðinn. Orkunotkun og úrgangur er reikningsfærð sameiginlega með bæjarskrifstofu Vesturbyggðar.

Meginverkefni starfsstöðvar Látrastofu á Patreksfirði er stjórnun og umsjón friðlýstra svæða á sunnanverðum Vestfjörðum. Enginn starfsmaður var á Patreksfirði hluta úr ári.

**VESTMANNAEYJAR** Í Vestmannaeyjum er starfsemin með skrifstofu í sama húsnæði og gestastofan. Um er að ræða rými á fyrstu hæð í byggingu við eina afaðalumferðargötum bæjarins. Á efri hæðum byggingarinnar er rekið gistiheimili. Umhverfisstofnun í Vestmannaeyjum hefur umsjón með Surtseyjarfriðlandinu og rekstri Surtseyjarstofu sem er gestastofa friðlandsins. Einn starfsmaður er í Vestmannaeyjum.



# NIÐURSTÖÐUR GRÆNS BÓKHALDS 2016

Umhverfisstofnun heldur grænt bókhald með það að meginsjónarmiði að fylgjast með umhverfisþáttum starfseminnar til að mæla umhverfislegan ávinning og einnig til að varða veginn og gefa öðrum gott fordæmi á þessu sviði. Helstu umhverfisþættir starfseminnar eru orku- og auðlindanotkun, aðföng - keypt vara og þjónusta, ferðalög, úrgangur og fræðsla.

Hér á eftir eru upplýsingar um þá umhverfisþætti sem fylgst var með í grænu bókhaldi Umhverfisstofnunar frá árinu 2012. Umhverfisstofnun hefur unnið grænt bókhald frá árinu 2009 en árið 2013 var tekið upp staðlað form Vinn.is fyrir grænt bókhald sem framvegis verður unnið með.

# ORKU- OG AUÐLINDANOTKUN

## MARKMIÐ FYRIR ORKU- OG AUÐLINDANOTKUN ÁRIÐ 2016

### **Minnka heitavatsnotkun um 10% með því að**

- » Endurskoða með hvaða hætti hægt er að stýra betur snjóbræðslunni í samráði við leigusala
- » Athuga hvort möguleiki er á að setja vatnssparandi krana/ áfestingu á alla krana til að draga úr notkun
- » Skrúfa fyrir ofna 1. maí til 1. september

### **Draga úr notkun rafmagns um 10% með því að**

- » Fækka ljósum á göngum og athuga með orkusparandi perur
- » Kanna verð á hreyfiskynjara í ljós á stigagangi, salerni og miða yfir alla slökkvara
- » Athuga með hvort hægt sé að reikna út grunn orkupörf á Suðurlandsbraut 24 og setja markmið


## UMFJÖLLUN UM NIÐURSTÖÐUR

Flestum þeim verkefnum sem sett voru á aðgerðaráætlun ársins fyrir árið 2016 vegna orku og auðlindanotkunar náðist að ljúka. Þau verkefni sem standa út af eru varðandi vatnsnotkun og snúa að sameiginlegri snjóbræðslu þar sem erfitt hefur reynst að stýra henni. Einnig er verið að horfa á aðrar og ódýrari leiðir til að draga úr notkun á neysluvatni.

Niðurstöðurnar sem kynntar eru hér að neðan ná til Suðurlandsbrautar 24 í Reykjavík, þar sem um 80% af starfsmönnum eru staðsettir. Upplýsingar um orkunotkun fengust af heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur, undir „Orkan mín“. Þar er orkunotkun sundurliðuð eftir notkunarmælum. Innleiðing grænna skrefa hefur skilað sér í lægri raforkunotkun líkt og sjá má á samdrætti milli ára. Ekki er sama hægt að segja um notkun á heitu vatni þar sem snjóbræðslan er að skapa ákveðið ójafnvægi.


## HEITT VATN

Heildarnotkun á heitu vatni var 9.115 m<sup>3</sup> árið 2015 en 9.445 m<sup>3</sup> árið 2016 og jókst því um 330 m<sup>3</sup> eða 3,6%. Notkun minnkar um 5,8% þegar horft er á rúmmetra á hvert stöðugildi hjá stofnuninni. Vegur þar mest notkun snjóbræðslukerfis sem er ekki á forræði Umhverfisstofnunar þar sem það fellur undir sameiginlegan lið með öðrum leigjendum í húsinu og aukning á 4. hæðinni.



MYND 1: NOTKUN Á HEITU VATNI Á HVERT STÖÐUGILDI HJÁ UMHVERFISSTOFNUN, SUÐURLANDSBRAUT 24


Ef við skoðum hinsvegar tölur á fermetra yfir svæði sem við getum sjálf haft hvað mest áhrif á þá sjáum við að notkunin á 4. hæðinni eykst milli ára 2015-2016 (um 16%). Annars dregst notkunin saman um 4% á 3. hæðinni og stendur í stað á 5. hæðinni. Böndin beinast að sturtuaðstöðunni á 4. hæð og má segja að aukning vatnsnotkunar sé jákvæð þar sem það getur bent til aukinnar hreyfingar starfsfólks, t.d. með þátttöku í átakinu „Hjólalæ í vinnuna“.



MYND 2: NOTKUN Á HEITU VATNI HJÁ UMHVERFISSTOFNUN SUÐURLANDSBRAUT 24 Á EFTIR HÆÐUM Á FERMETER.


# RAFORKUNOTKUN

Líkt og sjá má á mynd 3, þá dróst raforkunotkun á Suðurlandsbraut 24 saman á hvert stöðugildi eða um 8,36% á milli árunna 2015 og 2016.



MYND 3. RAFORKUNOTKUN HJÁ UMHVERFISSTOFNUN SUÐURLANDSBRAUT 24 Á HVERT STÖÐUGILDI.

Þrátt fyrir að farið hafi verið í ákveðnar aðgerðir árið 2016 þá náðist markmiðið um að draga úr rafmagns- og heitavatnsnotkun um 10% ekki ef horft er til heildarrýmis stofnunarinnar. Hinsvegar þegar tölur yfir hæðir án sameiginlegra rýma eru skoðaðar kemur annað í ljós.



MYND 5: RAFORKUNOTKUN HJÁ UMHVERFISSTOFNUN SUÐURLANDSBRAUT 24 Á HVERN FERMETRA.

Notkunin hefur almennt verið að dragast saman frá því árið 2014. Milli árunna 2015-2016 dró mest úr notkun rafmagns á 3. hæð eða um 25%. Einnig hefur dregið úr rafmagnsnotkun á milli árunna 2015-2016 á 5. hæð en notkunin hefur aukist um 10% á 4. hæð á sama tíma.



# AÐFÖNG – KEYPT VARA OG ÞJÓNUSTA

## Markmið fyrir aðfangaflokkana árið 2016

- » Áfram verði unnið að því að minnka pappírnotkun og hún verði undir 6 kg á stöðugildi.
- » Reglulegri upplýsingagjöf til notenda um prentun verður viðhaldið.
- » Öll útgáfa prentverka verði hjá Svansvottuðum prentsmiðjum, bæði stórra og smærri prentverka.
- » Eingöngu verði notaðar umhverfismerktar hreinsivörur á starfsstöðvum stofnunarinnar og að keyptar verði hreinsiklútar fyrir spegla svo að ekki þurfi að nota glersprey.

## UMFJÖLLUN UM NIÐURSTÖÐUR

Markmiðinu um að pappírnotkun á hvert stöðugildi væri undir 6 kg árið 2016 hjá stofnuninni náðist ekki. Reglulegri upplýsingagjöf til notenda um prentun var þó viðhaldið. Stór hluti prentara hjá Umhverfisstofnun eru vaxprentarar. Sex blekprentarar eru í notkun hjá stofnuninni.


Markmiðinu um að prentverk væru eingöngu prentuð hjá Svansvottuðum prentþjónustum var ekki náð. Markmiðið um að nota eingöngu umhverfismerktar hreinsivörur á starfsstöðvum stofnunarinnar náðist ekki. Ákveðið var að kaupa ekki hreinsiklúta fyrir spegla og nota þess í stað trefjatuskur sem voru til.

## PRENTPAPPÍR

Milli árána 2015 og 2016 dróst pappírnotkun stofnunarinnar saman um 29,5% eða úr 9,85 kg/stöðugildi árið 2015 niður í 6,92 kg/stöðugildi árið 2016, sjá mynd 6. Markmiðið um að pappírnotkun væri undir 6 kg á stöðugildi árið 2016 náðist þó ekki.

Seinni hluta árs 2012 var innleidd fjölnotaprentlausn (vaxprentarar) með kortalesara á stærstu starfstöðvunum (Reykjavík og Akureyri). Öll prentverk skrást þar á notanda jafnóðum og því ekki þörf á birgðatalningu um áramót eins og áður. Þessi breyting, ásamt upplýsingagjöf til starfsmanna um pappírnotkun, hefur skilað góðum árangri í að draga úr notkun pappírs.

Eingöngu er notaður umhverfisvottaður pappír hjá stofnuninni.



MYND 6: MAGN SKRIFSTOFUPAPPÍRS, KG/STÖÐUGILDI, NOTAÐ HJÁ UMhverfisstofnun 2013-2016.

## PRENTHYLKI


Innkaup á prenthylkjum hjá stofnuninni er mjög sveiflukennd þar sem að fáir prentarar með hefðbundnum blek prenthylkjum eru í notkun. Um er að ræða 6 prentara, einn á hverri af eftirtöldum starfsstöðvum: Egilsstöðum, Hellu, Patreksfirði, Reykjavík, Snæfellsnesi og Vestmannaeyjum. Notkun þeirra árið 2016 var svipuð og árið á undan. Árið 2016 voru keypt þrjú prenthylki eða 0,05 stk./stöðugildi en fimm stk. árið 2015 eða 0,10 stk./stöðugildi. Ekki hefur verið mögulegt að taka blekprentara úr notkun vegna aukins rekstrarkostnaðar umhverfissvænni kosta á fámennari starfsstöðvum.

## PRENTVERK Á PAPPÍR

Markmiðinu um að öll prentverk, bæði stór og smærri, væru prentuð hjá Svansvottuðum prentþjónustum var ekki náð.

Í fyrsta skipta árið 2016 eru öll prentverk sett inn í græna bókhaldið, bæði hefðbundin prentverk (A4 pappír) og sértæk prentverk (bannerar, veggspjöld, límmiðar, límstafir o.fl.). Fyrri ár viðgengst sú venja að setja eingöngu inn stærri prentverk hjá prentþjónustum þar

sem heildar kostnaður yfir árið fór yfir 100 þús. kr. Samanburður á hlutfalli umhverfsvænnar prentþjónustu á mynd 7 milli 2016 og fyrri ára er því ekki raunhæfur. Með aukinni fræðslu og vitundavakningu innan Umhverfisstofnunar verður þessu breytt. Lögð verður áhersla á að þegar mögulegt er þá verði Svansvottuð prentþjónusta fyrir valinu og að prentverkin sjálf séu vottuð. Búast má við að ekki verði í öllum tilfellum hægt að velja slíka prentsmiðju né prentverk því að ákveðin sértæk prentverk er ekki mögulegt að prenta með þeim hætti. Undantekningartilfelli verða útskýrð.



MYND 7: HLUTFALL (%) PRENTVERKA SEM PRENTUÐ VORU HJÁ UMHVERFISVOTTUÐUM PRENTÞJÓNUSTUM.

## SKRIFSTOFUVÉLAR, TÖLVUBÚNAÐUR OG ÖNNUR TÆKJAKAUP

Innkaup á skrifstofuvélum (GSM símar og símabúnaður) og tölvubúnaði minnkaði á milli ára eða úr 0,92 tæki/stöðugildi árið 2015 niður í 0,24 tæki/stöðugildi árið 2016. Ástæðan fyrir minnkuninni er minni endurnýjun á slíkum búnaði árið 2016 en árið á undan.

Árið 2016 voru keypt sjö mælitæki til að fylgjast með loftgæðum sem er aukning frá árinu á undan þegar eitt mælitæki var keypt. Árið 2016 voru keyptir 30 tölvu- og sýningaskjáiir (0,55 stk./stöðugildi) sem er veruleg aukning frá árinu á undan þegar fjórir skjáiir voru keyptir eða 0,08 stk./stöðugildi. Mælitæki og skjáiir eru ekki keypt eins reglulega og önnur tæki og eru því ekki höfð með í samanburðinum hér fyrir ofan (skrifstofuvélar og tölvubúnaður). Ástæðan er mismikil þörf og fjárheimild til kaupa á slíkum búnaði á milli ára. Eins og áður er ávallt horft til umhverfismerkra vara við kaup tækjabúnaðar hjá stofnuninni en því miður er ekki mikið úrval af slíkum vörum á markaði og því eru þær ekki umhverfismerktar.




# HREINSIVÖRUR (RÆSTIEFNI OG HÚÐHREINSIVÖRUR)

Reykjavík: Markmiðinu um að hreinsivörur sem notaðar eru séu umhverfismerktar náðist ekki. Hlutfall umhverfismerkra hreinsivara sem notaðar voru á Suðurlandsbraut 24 árið 2016 (eldhús og 3., 4. og 5. hæð) minnkaði lítillega miðað við árið á undan eða úr 99,26% árið 2015 niður í 97,65 % árið 2016. Við nánari skoðun kom í ljós að ISS, sem sér um þrif á 4. og 5. hæðinni, notaði hreinsikrem sem ekki er umhverfismerkt. Samkvæmt upplýsingum frá ISS er nú hætt að nota hreinsikremið og hefur verið skipt yfir í umhverfismerkta vöru. Einnig var notað handspritt á salernum árið 2016 sem hafði ekki verið keypt í nokkur ár og var það í fyrsta skiptið sett inn í græna bókhaldið. Handsprittið er ekki umhverfismerkt. Öll önnur hreinsiefni sem notuð eru á starfsstöðinni eru umhverfismerkt.

Í eldhúsi á starfsstöðinni í Reykjavík eru allar hreinsivörur umhverfismerktar en þrátt fyrir það inniheldur sápa í uppþvottavél ætandi efni (vítissóða). Staðfest hefur verið frá innflytjendum að ekki er mögulegt að fá slíka sápu án ætandi efnis.

Samanburður á magni hreinsiefna á milli ára sýnir að minna magn var notað á hvert stöðugildi á starfsstöðinni árið 2016 en 2015 eða 1,23 kg/stöðugildi á móti 2,69 kg/stöðugildi, sjá mynd 8. Þetta samsvarar 55,5% minnkun á milli ára.




MYND 8: MAGN HREINSIEFNA (L/STÖÐUGILDI) NOTUÐ Á SUÐURLANDBRAUT 24 ÁRIN 2012-2016.

Aðrar starfsstöðvar: Á Akureyri eru eingöngu notuð umhverfismerkt hreinsivörur á vegum ISS. Á starfsstöðvum á Ísafirði, Snæfellsjökulspjóðgarði, Mývatni og Vestmannaeyjum eru sömuleiðis eingöngu notaðar umhverfismerktar hreinsivörur. Á Patreksfirði var hætt árið 2015 að kaupa hreinsiefni sem ekki eru umhverfismerkt og verið að klára gamlar birgðir. Á starfsstöðinni á Egilsstöðum voru allar hreinsivörur sem notaðar voru árið 2016 umhverfismerktar að undanskildum hreinsitöflum í uppþvottavél. Markmiðinu um að eingöngu séu notaðar umhverfismerktar hreinsivörur á öðrum starfsstöðvum stofnunarinnar var því ekki náð.

## RÆSTIÞJÓNUSTA

Svansvottaða fyrirtækið ISS sér um öll þrif á starfstöðinni á Akureyri og þrif á 4. og 5. hæð starfstöðvarinnar í Reykjavík eins og fyrri ár. Hlutfall umhverfsvottaðrar ræstiþjónustu á starfstöðinni í Reykjavík er óbreytt á milli ára eða tæplega 73% af heildinni árin 2015 og 2016, mynd 9. Óvottaðir aðilar (einstaklingar) sjá um þrif á 3. hæð og sameign sem og á öðrum starfsstöðvum.



MYND 9: HLUTFALL UMHVERFISVOTTAÐRAR RÆSTIÞJÓNUSTU Á SUÐURLANDSBRAUT 24 ÁRIN 2012-2016.

## HREINLÆTIS PAPPÍR

Reykjavík: Innkaup á hreinlætispappír á Suðurlandsbraut 24 minnkaði á milli ára eða úr 6,17 kg/stöðugildi árið 2015 niður í 5,17 kg/stöðugildi árið 2016. Líklegt er að áhrif uppsetningar á rafmagnshandþurrkum á öllum salernum á starfsstöðinni sjáist hér og að notkun salernispappírs sem notaður er í stað handþurrka hafi minnkað. Allur salernispappír, handþurrkur og eldhúsrúllur sem keyptar eru fyrir starfsstöðina er umhverfismerktur. Upplýsingar um magn salernispappírs og handþurrka hafa ekki verið teknar saman á starfsstöðvum úti á landi né hafa rafmagnshandþurrkur verið teknar í notkun.

## MARKMIÐ FYRIR 2017

**Til að viðhalda og ná betri árangri á árinu hafa eftirfarandi markmið verið sett og farið verður í eftirfarandi aðgerðir:**

- » Áfram verður unnið að því að draga úr pappírnotkun og hún verði undir 6 kg á stöðugildi.
- » Prentþjónustur og prentverk verði Svansvottuð ef kostur er. Þetta á bæði við um stór og lítil prentverk, hefðbundin og sértæk.
- » Regluleg upplýsingagjöf til starfsmanna um að lágmarka prentun og að velja Svansvottaða prentþjónustu og prentverk.
- » Efnanotkun við þrif verður lágmarkuð eins og kostur er og eingöngu notaðar umhverfsvottaðar hreinsivörur á starfsstöðvum stofnunarinnar.



# SAMGÖNGUR

## Markmið stofnunarinnar fyrir ferðalög og samgöngur árið 2016


- » Framkvæmd verði samgöngukönnun meðal starfsmanna árið 2016 þar sem reynt verður að rýna í notkun á bílum og hjólum stofnunarinnar við Suðurlandsbraut.
- » Aðeins 11% af fjölda km eknum á bílaleigubílum voru skilgreindir sem vishæfir árið 2015. Vinna þarf að því að hækka þetta hlutfall með því að eiga samtal við bílaleiguna sem og að starfsmenn stofnunarinnar séu meðvitaðir um að biðja um vishæfa bíla framyfir aðra.
- » Unnið verði að því að kolefnisjafna starfsemi Umhverfisstofnunar með aðgerðum sem eru tiltækar s.s. samstarfi við Kolvið eða skógræktar- og landgræðslufélög.

## UMFJÖLLUN UM NIÐURSTÖÐUR

Markmiðin sem sett voru fyrir árið 2016 voru að hvetja starfsmenn til að nota bíl stofnunarinnar og tilvistvænni ferðamáta. Starfsmenn voru ekki sérstaklega hvattir til að nota bíl stofnunarinnar á höfuðborgarsvæðinu en framkvæmd var samgöngukönnun í febrúar 2017 sem ætlað er að varpa ljósi á notkun bílsins og tækifæri til aukinnar notkunar. Aukning varð á akstri sem er í samræmi við fleiri framkvæmdir í takt við aukið álag vegna ferðamanna. Einnig hefur verið aukning á ferðum starfsfólks á starfsstöðvum á landsbyggðinni í að koma suður á fundi í tengslum við starf stofnunarinnar. Starfsmenn hafa verið hvattir til að nýta sér samgöngusamninga en 66% starfsmanna höfðu slíka samninga árið 2016. Það er mjög hátt hlutfall starfsmanna en þó mætti skoða hvort hægt sé að hækka það enn frekar.

## AKSTUR

Heildarfjöldi km sem starfsmenn stofnunarinnar ferðuðust árið 2016 jókst úr 292.812 km árið 2015 í 328.338 km árið 2016 eða um 12% milli ára og þar af leiðandi einnig heildarlosun CO<sub>2</sub> úr 0,61 í 0,72 tonn á hvern starfsmann (mynd 10). Ástæða þessarar aukningar er meiri notkun eigin bíla bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, sem kemur til m.a. vegna aukinna framkvæmda í þjófgarði og á friðlýstum svæðum.




MYND 10: HEILDARLOSUN CO<sub>2</sub> VEGNA AKSTURS EIGIN BÍLA Á HVERT STÖÐUGILDI

Nokkrar breytingar voru á eigin bílum stofnunarinnar en tveir þeirra voru uppfærðir í annars vegar rafmagnsbíl og hins vegar rafmagns/bensín bíl en alls eru bílarnir sex<sup>1</sup>. Notkun eigin bíla jókst úr 107.842 km árið 2015 í 123.392 km árið 2016.

Notkun leigubíla jókst lítillega milli ára en ljóst er að halda þarf áfram að hvetja starfsfólk til að nota bíl stofnunarinnar en það eru aðallega starfsmenn í Reykjavík sem hann nota. Losun á CO<sub>2</sub> gasi á bílaleigu og leigubílum hefur verið miðuð við meðalútblastursgildi nýskráðra bíla (Orkusetur, janúar 2014) eða 143,5 g CO<sub>2</sub> á hvern ekinn km. Leigubílastöðin gefur aðeins upp gögn um það hvort leigubíllinn<sup>2</sup> sé vishæfur eða ekki og þess vegna eru teknir saman km fjöldi skilgreindra vishæfra bíla og margfaldað með 120 g af CO<sub>2</sub>. Kílómetra fjöldi á bílum sem ekki teljast vishæfir eru reiknaðir með meðalútblastursgildi nýskráðra bíla. Á árinu 2015 voru 92% ferða farnar með vishæfum bíl en 85% þeirra árið 2016. Alls var útblástur vegna leigubílaferða því 0,394 tonn af CO<sub>2</sub>.


<sup>1</sup> Bíllinn í Reykjavík var VW Passat metanbíl með útblástursgildi 158 g CO<sub>2</sub> á hvern ekinn km, sá var seldur snemma á árinu og Toyota Prius bíl Snæfellsjökulspjófgarðs notaður í staðinn en hann losar 104 g CO<sub>2</sub> á hvern ekinn km. Kia Soul rafmagnsbíl var síðan keyptur fyrir starfsstöðina á Suðurlandsbraut og Snæfellsjökulspjófgarður fékk MMC Outlander rafmagns/bensín bíl sem losar 42 g CO<sub>2</sub>. Losun á CO<sub>2</sub> gasi af Toyota Tacoma pallbíl Látrastofu er 231 g CO<sub>2</sub> á hvern ekinn km. Toyota HiLux er notaður fyrir landvörslu á Suðurlandi og Miðhálandi og er losun þeirrar bifreiðar 193 g CO<sub>2</sub> á hvern ekinn km og Nissan Pathfinder fyrir Mývatn með 238 g CO<sub>2</sub> losun á hvern ekinn km. Meðalútblastursgildi bílanna er fengið á vef Orkusetursins.

<sup>2</sup> Almenna skilgreiningin fyrir vishæfi bíla er að útblástur þeirra eigi að vera undir 120 g af CO<sub>2</sub> á hvern ekinn km, [www.vinn.is](http://www.vinn.is)



MYND 11: KÍLOMETRAFJÖLDI FARINN MEÐ LEIGUBÍLUM

Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á að leigja umhverfsvænni bíla fram yfir aðra, ávallt þegar þess er kostur. Í dag fást mun betri gögn frá bílaleigum um ferðirnar s.s. tegund bíls, útblástur og km fjölda og því verða útreikningar á CO<sub>2</sub> losun nákvæmari. Fjöldi km sem farnir voru á visthæfum bíl voru 34.220 km og 167.528 km á bílum með CO<sub>2</sub> gildi hærra en 120 gr. Hlutfall notkunar á visthæfum bílaleigubílum er að aukast með hverju árinu eða frá 8% árið 2014, 11% árið 2015 og í 20% árið 2016. Meðaltalið var reiknað fyrir útblástursgildi bílanna með útblástur yfir 120 gr. af CO<sub>2</sub> gaf 156 gr. af CO<sub>2</sub> á hvern ekinn km, heildarútbástur vegna bílaleigubíla hækkaði úr 29,3 tonn í 30,2 tonn af CO<sub>2</sub>.



MYND 12. KÍLOMETRAFJÖLDI EKINN Í BÍLALEIGUBÍLUM


## FLUG

Samtals voru flognir rúmir 666 þúsund km. þar af 590 þúsund í millilandaflugi og 77 þúsund í innanlandsflugi en árið 2015 voru flognir 457 þúsund km. Gerir þetta 65 tonn af koltvísýringi miðað við 45 árið 2014.

## SAMGÖNGUSAMNINGUR

Umhverfisstofnun býður starfsmönnum sínum að gera samgöngusamninga sem felast í því að nota vistvænni samgöngumáta til og frá vinnustað. Stofnunin greiðir árskort í almenningssamgöngur eða andvirði þess gegn framvísun reiknings fyrir útlögðum kostnaði vegna göngu eða hjólríða. Á árinu 2016 voru gerðir 33 heilsárs samgöngusamningar sem gerir það að 46% starfsmanna nýttu sér slíka samninga en árið 2015 voru það 45% starfsmanna. Sumarsamningarnir gilda fyrir fimm mánuði en alls 20% starfsmanna nýttu sér þá árið 2016. Alls voru því gerðir samgöngusamningar við 66% starfsmanna.

Umhverfisstofnun hefur einnig hvatt starfsmenn til að nýta sér vistvænni samgöngumála á fundi innan vinnutíma. Samningurinn kveður á um að starfsmenn fari 12 ferðir á ári og stofnunin borgar hverjum starfsmanni 3.000 kr. á mánuði. Upplýsingar eru skráðar í hjóladagbók. Auk þessa stendur starfsmönnum til boða að fá strætómiða til að fara á fundi á vinnutíma, hafi þeir ekki strætókort. Fáir starfsmenn hafa nýtt sér þennan kost eða þrír fyrir allt árið og þrír gerðu sumarsamning þar um.



MYND 13. SAMGÖNGUSAMNINGAR 2016

# SAMGÖNGUKÖNNUN

Árið 2016 stóð til að gera samgöngukönnun meðal starfsmanna Umhverfisstofnunar þar sem skoða átti bæði ferðir starfsmanna í og úr vinnu en einnig að skoða notkun ökutækis stofnunarinnar við Suðurlandsbraut. Ekki var lokið við gerð könnunarinnar á árinu en hún var framkvæmd í febrúar 2017. Niðurstöður könnunarinnar sýndu fram á að flestir starfsmennirnir nota oftast leigubíl þegar þeir sækja fundi utan stofnunarinnar, næst oftast er notast við bíl stofnunarinnar. Í annarri spurningu var spurt hvaða samgöngumáta starfsmenn vilja helst nota þá svöruðu flestir bíl stofnunarinnar en næst að panta leigubíl. Við val á samgöngumáta fannst starfsmönnum mikilvægast hversu fljótt þeir kæmst á milli staða.

## MARKMIÐ FYRIR 2017

- » Sett verður upp aðstaða fyrir starfsfólk í kjallara til að hlaða rafmagnsbílana sína
- » Skoða nýjar leiðir í að bjóða upp á umhverfisvænan ferðamáta fyrir starfsfólk
- » Auka verulega leigu á visthæfum bílaleigubílum. Stefnt á um 100% aukningu.



# ÚRGANGUR OG FLOKKUN

## Markmið fyrir úrgang og flokkun árið 2016.

- » Minnka heildarúrgang stofnunarinnar
- » Halda óflokkuðum úrgangi áfram undir 10%
- » Gerði verði greining á því hvaða úrgangsflokkur er stærstur hjá stofnuninni og lagðar fram tillögur til að draga úr magni úrgangs.
- » Skoðað verði hvaða starfsstöðvar hafa enn ekki aðstöðu til að flokka og þá athugað hvort hægt sé að hvetja/aðstoða sveitarfélög við að bæta úr því

## UMFJÖLLUN UM NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar eiga eingöngu við um starfsstöð stofnunarinnar á Suðurlandsbraut 24, þar sem um 80% af starfsmönnum stofnunarinnar eru staðsettir.

Á níu minni starfsstöðvum sem stofnunin rekur víða um land er úrgangur yfirleitt flokkaður til endurvinnslu, en ekki liggja fyrir sundurliðuð gögn frá hverri og einni starfsstöð vegna þess að flokkunin er oft sameiginleg með öðrum aðilum sem þær deila húsnæði með.

Heildarmagn úrgangs 2016 var 5.103 kg og jókst um 539 kg á milli ára. Stöðugildin jukust um 5 sem að hluta til skýrir þessa aukningu sem er ekki nema 1,63% á milli ára á stöðugildi. Einnig var mikil tiltekt í öllum rýmum sem stofnunarinnar á Suðurlandsbraut 24. Í þessari tiltekt 2016 var mikið af uppsöfnuðum pappa, pappír, plasti, blönduðum úrgangi og eitthvað af spilliefnum.

Lífrænn úrgangur jókst um 4,68% á milli ára sem skýrir að hluta til þessa aukningu. Það virðist hann aukist stöðugt milli ára; 2013: 2.010 kg. 2014. 1.691 kg. 2015. 1.722 kg. og 2016 er hann kominn í 2.190 kg. Hver skýringin er ekki gott að segja, ýmislegt hefur verið gert til að draga úr matarsóun hjá stofnuninni t.d. láta starfsfólk skrá sig í mat fyrir næstu viku og minnkað var rúmmál mataríláta. (diskar) Átak gegn matarsóun hefur því ekki haft nein áhrif til minnkunar.


Í óflokkuðum úrgangi var aukning um 105,29% á milli ára. Markmiðið er að hafa hlutfall óflokkaðs úrgangs undir 10%. Í fyrra var óflokkaður úrgangur eingöngu 6,35% af heildarúrgangi sem var einstaklega góður árangur. Árið þar á undan, 2014, fórum við aðeins yfir, í 10,24% og nú 2016 erum við kominn upp í 12,84%. Ástæða þessa er ekki ljós, en líkur eru taldar að í stóra tiltektardeginum hafi sloppið í gegnum eftirlitið óflokkaður úrgangur.



Flokkaður úrgangur (pappi og pappír) dróst saman á milli ára. Árið 2015 var hann 2.552 kg en 2016 var hann kominn í 2.095 kg sem er 457 kg minna en frá árinu áður, sem er 20% samdráttur.

Spilliefni voru enginn á árinu 2015 og er losun þeirra ekki árleg vegna þess að ekki er mikið um spilliefni. Þau spilliefni sem stofnunin skilar til móttökuaðila eru: rafhlöður, smáraftæki, prenthylki, perur og málmur. Vegna tiltektar voru spilliefni 23 kg á árinu 2016.

Eini flokkurinn sem tókst því að draga úr í ár er pappi og blandaður pappír og helst í hendur við minnkun útprentunar, sem er komin niður í um rétt rúm 6%.



MYND 14: MAGN ÚRGANGS Á HVERT STÖÐGILDI Á SUÐURLANDSBRAUT (KG)

Stærsti hluti úrgangs miðað við þyngd er lífrænn eldhúsúrgangur sem helgast af því að mötuneyti er á starfsstöðinni. Var gerð athugun á úrgangi frá mötuneytinu á árinu 2015 sem leiddi í ljós að töluvert miklum mat er hent hjá ISS, sem ekki var kláraður í mötuneytinu. Því beinast böndin aftur að mötuneytinu þar sem mikið hefur verið um afleysingar á árinu 2016. Skoðað verður að styrkja betur ferilinn þegar afleysingar eru ásamt því að gera athugun á mögulegum öðrum orsökum.

## MARKMIÐ FYRIR 2017

- » Áfram verði unnið að því að halda óflokkuðum úrgangi undir 10% á ári.
- » Á árinu 2016 kom í ljós að lífrænn úrgangur jókst þrátt fyrir áherslu á að draga úr matarsóun. Gerð verði greining á lífrænum úrgangi frá mötuneytinu
- » Skoðað verði hvaða starfsstöðvar hafa enn ekki aðstöðu til að flokka sorp og þá athugað hvort hægt sé að hvetja/aðstoða sveitarfélög við að bæta úr því

# SAMANTEKT

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Að færa ábyrgð á færslu græns bókhalds til uppruna ákvarðana er ekki ein og sér næg til að tryggja umhverfisvænar ákvarðanir. Fræðsla og upplýsing er grunnur betri vitundar um umhverfismál. Mikil aukning óflokkaðs úrgangs og aukning prentverka sem ekki eru prentuð á umhverfisvænt er ærið tilefni til að bretta upp ermar. Aukin meðvitund um vistvænar áherslur við innkaup verður mál málanna 2017.

- » Markmið ársins voru að auka fræðslu og vitundarvakningu meðal starfsmanna stofnunarinnar um ýmis umhverfismál tókst, en ljóst er að innihald fyrirlestrana verður að draga aftur inn í innri praktísk málefni, s.s. eins og flokkun úrgangs og vistvænni innkaup er varðar ákveðna málaflokka.
- » Notkun prentpappírs heldur áfram að minnka og dróst saman um 29,76%.
- » Ákvörðun um að öll prentverk en ekki eingöngu stærri prentverk verði prentuð hjá Svansvottuðum prentsmiðjum náðist ekki. Hlutfall er komið niður í 66,7% sem prentað er hjá umhverfismerktum prentþjónustum.
- » Notkun á hreinlætispappír dróst áfram saman frá 6,17 kg/stöðugildi árið 2015 í 5,17 kg/stöðugildi.
- » Mun betri gögn fengust frá bílaleigum sem þýðir nákvæmari útreikninga og upplýsingar um vistvæni bílana.
- » Heildarmagn úrgangs stóð nánast í stað, jókst um 1,63% á milli ára.
- » Markmið um að halda óflokkuðum úrgangi áfram undir 10% náðist ekki þar sem óflokkaður úrgangur jókst um rúm 100%. Frábær árangur ársins áður tapaðist ansi hratt en 2015 var hann 6,35% af heildarmagni úrgangs.
- » Í starfsemi Umhverfisstofnunar voru engin skráð umhverfisatvik á árinu.

# ÁÆTLUN FYRIR 2017

Umhverfisstefna Umhverfisstofnunar er skýr og er megináherslan að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Árlega er farið yfir umhverfisstefnu og greiningu umhverfisþátta. Græna bókhaldið endurspeglar vel hvar við erum að ná árangri en einnig hvaða þættir það eru sem við ættum skoða betur. Við yfirferð og niðurstöður græns bókhalds voru settar áherslur fyrir árið 2017 til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar.

## **Eftirfarandi áherslur hafa verið lagðar:**

- » Haldið verði áfram með að leggja áherslu á minni orkunotkun; rafmagn og heitt vatn
- » Áfram verður unnið að því að draga úr pappírnotkun og hún verði undir 6 kg á stöðugildi.
- » Prentþjónustur og prentverk verði Svansvottuð ef kostur er. Þetta á bæði við um stór og lítil prentverk, hefðbundin og sértæk.
- » Regluleg upplýsingagiöf til starfsmanna um að lágmarka prentun og að velja Svansvottaða prentþjónustu og prentverk.
- » Efnanotkun við þrif verður lágörkuð eins og kostur er og eingöngu notaðar umhverfisvottaðar hreinsivörur á starfsstöðvum stofnunarinnar.
- » Sett verður upp aðstaða fyrir starfsfólk í kjallara til að hlaða rafmagnsbílana sína
- » Skoða nýjar leiðir í að bjóða upp á umhverfisvænan ferðamáta fyrir starfsfólk
- » Auka verulega leigu á visthæfum bílaleigubílum. Stefnt á um 100% aukningu.
- » Áfram verði lögð áhersla á fræðslu til starfsfólks um umhverfismál annan hvorn starfsmannafund, þá verður því fram haldið þetta ár
- » Starfsfólki verði send græn heilræði annan hvorn mánuð
- » Lokið verði við vinnu við að setja inn ábendingu um umhverfismál í tölvupóst starfsmanna





